

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Reykjanesbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á svæði Reykjanesbrautar þar sem skipulagi var frestað er skilgreind þannig að stofnbrautin er sýnd ásamt tengibrautum innan marka skipulagsbreytingarsvæðisins. Megingönguleiðum er breytt lítillega frá gildandi skipulagi til samræmis við verkhönnun og deiliskipulag og sýnd er lega undirganga fyrir göngustíga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.